



Reglur um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu í heimahúsum í Ölfusi

1. grein Almennt

1.1 Um stofnstyrk

Fjölskyldu og fræðslusvið í Ölfusi veitir dagforeldrum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Sveitarfélaginu Ölfusi í fyrsta sinn, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur frá því að leyfi til daggæslu féll úr gildi en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra sem eru að endurnýja eldra leyfi.

1.2 Um aðstöðustyrk

Fjölskyldu og fræðslusvið í Ölfusi veitir dagforeldrum sem eru með leyfi til daggæslu barna í Ölfusi eftir 12 mánuði í starfi árlegan aðstöðustyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Miðar upphaf starfstíma við dagsetningu undirritunar þjónustusamnings milli dagforeldris og Sveitarfélagsins Ölfuss.

2. grein Umsóknir

2.1 Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk má finna á íbúagátt á heimasíðu www.olfus.is

2.2 Aðstöðustyrkur

Umsókn um aðstöðustyrk má finna á íbúagátt á heimasíðu www.olfus.is.

3. grein Fjárhæð styrks

3.1 Fjárhæð stofnstyrks og greiðsla

Fjárhæð stofnstyrks er ákveðin árlega í fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss. Um er að ræða eingreiðslu.



3.2 Fjárhæð aðstöðustyrks og greiðsla

Fjárhæð aðstöðustyrks greiðist eftir 12 mánuði í starfi, það er frá undirritun þjónustusamnings, er árleg fjárhæð aðstöðustyrks. Fjárhæð stofnstyrks er ákveðin árlega í fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss.

4. grein

Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitinga eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála til daggæslu barna í Sveitarfélaginu Ölfusi í fyrsta sinn eiga rétt á stofnstyrk. Umsókn í íbúagátt á heimasíðu www.olfus.is
2. Dagforeldrar sem eru með leyfi til daggæslu barna í Sveitarfélaginu Ölfusi og sem hafa gert þjónustusamning eiga 12 mánuðum síðar rétt á árlegum aðstöðustyrk. Umsókn í íbúagátt á heimasíðu www.olfus.is
3. Til að eiga rétt á stofn- og aðstöðustyrk þarf að liggja fyrir þjónustusamningur við fjölskyldu og fræðslusvið.
4. Til að eiga rétt á stofn- og aðstöðustyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
5. Opnunartími daggæslu skal að lágmarki vera 6 tímar á dag. Ella skerðast greiðslur hlutfallslega. Ef opnunartími er undir 6 tímum á dag skerðist styrkur hlutfallslega sem nemur 10% fyrir hverja klukkustund miðað við fullan styrk.
6. Hefji tveir dagforeldrar, með nýtt leyfi, starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk og hvort um sig aðstöðustyrk til samræmis við reglur þessar. Þegar tveir dagforeldrar starfa saman skal nýta styrkinn til þeirrar aðstöðu sem unnið er í.
7. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu.
8. Dagforeldri sem fær styrk skuldbindur sig til að nýta styrkinn til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja.

5. gr.

Meðferð umsókna og greiðslur

5.1 Umsókn uppfyllir skilyrði

Stjórnendateymi fræðslumála í Ölfusi fer með meðferð umsókna. Ef umsókn um stofnstyrk er samþykkt verður greitt skv. reglum þessum inn á þann reikning umsækjanda sem mánaðarleg framlög vegna niðurgreiðslu er greidd inn á. Greiðslur stofnstyrkja fara fram um mánaðamót og miðast við samþykktar umsóknir á bilinu 15. til 15. dag mánaðar.

5.2 Umsókn uppfyllir ekki skilyrði



Ef ekki er unnt að verða við umsókn um stofnstyrk eða greiðslu aðstöðustyrks ber að gefa dagforeldri kost á að tjá sig áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða dagforeldris og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Ef tekin er ákvörðun um að synja umsókn eða greiðslu aðstöðustyrks, að loknu mati á fyrirbyggjandi upplýsingum, ber að tilkynna það í bréfi til dagforeldris og upplýsa um rétt til að fá ákvörðun rökstudda og kærurétt.

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 13.08.2025 og staðfestar af bæjarráði Sveitarfélagsins Ölfuss þann 21.08.2025 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarráð staðfesti reglurnar.

Þeir dagforeldrar sem uppfylla skilyrðin frá og með 1. janúar 2025 eða síðar geta sótt um.